

Umsókn um aðgang að eignasafni á www.iv.is

Undirritaður sækir hér með um netaðgang að eignasafni sínu hjá Íslenskum verðbréfum.

Nafn umsækjanda:	Kennitala:
Heimili:	Sími:
Staður:	Netfang:

Notkunarreglur og skilmálar

- Íslensk verðbréf skulu láta notanda í té notandanafn og aðgangsorð (lykilorð) að eignasafni hans á internetinu. Allar fjárhagslegar upplýsingar eru takmarkaðar við skráð notandanafn.
- Notandi skal gæta þess að halda notandanafni og aðgangsorði sínu leyndu og er honum óheimilt að heimila öðrum aðilum aðgang að eignasafninu á sínu notandanafni/aðgangsorði. Notandi ber fulla ábyrgð á notandanafni og aðgangsorði sínu.
- Lögaðila er heimilt að veita prókúruhöfum aðgang að eignasafninu á notandanafni/aðgangsorði hans. Lögaðili ber fulla ábyrgð á öllum aðgerðum þeirra einstaklinga/starfsmanna sem hafa aðgang að notandanafni/aðgangsorði hans. Forsvarsmönnum lögaðila ber að tilkynna Íslenskum verðbréfum þegar í stað ef starfsmaður þeirra sem aðgang hafði að eignasafninu hættir störfum. Þá skal ætíð skipta um notandanafn/aðgangsorð viðkomandi lögaðila. Sama gildir ef lögaðili ákveður að hætta að heimila viðkomandi einstaklingi/starfsmanni aðgang að eignasafninu.
- Íslensk verðbréf áskilja sér allan rétt til að rjúfa aðgang að upplýsingum um stundarsakir fyrirvaralaust og án tilkynningar, ef þörf krefur vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis o.þ.h.
- Allar upplýsingar varðandi gengi og fleira sem birt er á heimasíðu Íslenskra verðbréfa eru fengnar frá innlendum og erlendum upplýsingaveitum og geta Íslensk verðbréf því ekki tekið ábyrgð á þeim.
- Áskilinn er réttur til breytinga á öllum upplýsingum án fyrirvara.

Ég óska eftir að fá notandanafn og lykilorð sent í tölvupósti

Ég óska eftir að fá notandanafn og lykilorð sent í ábyrgðarpósti

Staður og dagsetning

Undirskrift starfsmanns
Fh. Íslenskra verðbréfa

Undirskrift notanda

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirritun notanda

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Umsóknina má senda á Íslensk verðbréf, Strandgötu 3, 600 Akureyri.
Einnig er hægt að skila henni inn í starfsstöð ÍV í Rvík sem er til húsa í Sigtúni 42.